

Nd.

182. Frumvarp til laga

[149. mál]

um áfengisvarnasjóð.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Hlutverk áfengisvarnasjóðs er að styrkja áfengisvarnir, fræðslu um skaðsemi áfengis og bindindisstarf, einkum meðal ungs fólks. Sjóðurinn má styrkja önnur æskulýðssamtök en bindindisfélög, ef þau annast starfsemi, sem vinnur gegn áfengisnautn, og hindra áfengisneyzlu á samkomum sínum.

2. gr.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins greiðir áfengisvarnasjóði árlega framlag, er nemur 3% af hagnaði hennar af áfengissölu næsta ár á undan.

3. gr.

Áfengisvarnaráð ríkisins stjórnar áfengisvarnasjóði og ákveður, hvernig tekjum hans skuli varið.

Kostnaður við störf áfengisvarnaráðunautar, áfengisvarnaráðs og áfengisvarna-nefndar skal greiddur úr áfengisvarnasjóði.

Reikningar áfengisvarnasjóðs skulu birtir opinberlega.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnara en segja þurfi, að áfengisneyzla fer nú mjög vaxandi í landinu, einkum meðal ungs fólks. Óþarft á að vera að ræða það, hve mikil hættu er hér á ferðum.

Margar ástæður valda því að sjálfsögðu, að áfengisneyzlan eykst. Tvímælalaust er þó, að ríkisvaldið á ekki minnstu sökina. Dregið hefur verið úr hömlum gegn áfengissölu, t. d. með fjölgun vínsöluhúsa.

Um það má vitanlega deila, hve heppilegar séu strangar áfengishömlur eða hvort unnt sé að framkvæma þær, meðan aðrar reglur gilda í nágrannalöndum okkar. Hitt er hins vegar augljóst, að það er hættulegt, eins og líka er komið á daginn, að slaka á hömlunum án þess að gera jafnhliða ráðstafanir til að veða á móti, t. d. með aukinni fræðslu og bindindisstarfi.

Áhrifamesta vopnið gegn áfengisneyzlunni er tvímælalaust eindregið og vakandi almenningssálit, er byggir afstöðu sína á hleypidómalausum forsendum og glöggum rökum. Það er skylda ríkisvaldsins að efla og styrkja slíkt almenningssálit með aukinni bindindisfræðslu og auknu bindindisstarfi. Alveg sérstaklega er áriðandi, að slíkt álit skapist meðal hinnar uppvaxandi kynslóðar.

Þetta var ljóst þeirri nefnd, sem vann að undirbúningi áfengislaganna frá 1954, en hana skipuðu: Gústaf A. Jónasson ráðuneytisstjóri, Brynleifur Tobiasson áfengisvarnaráðunautur, Jóhann G. Möller forstjóri, Ólafur Jóhannesson prófessor og Pétur Danielsson hóteltstjóri. Nefndin lagði til, að nokkuð yrði dregið úr ýmsum áfengishömlum, m. a. í sambandi við veitingahús, en það kæmi svo á móti, að bindindisfræðsla yrði stórlega aukin og nægilegt fjármagn tryggt til þeirrar starfsemi. Í frv. nefndarinnar var lagt til, að stofnaður skyldi sérstakur áfengisvarnasjóður, er styrkti áfengisvarnir, bindindisfræðslu og bindindisútbreiðslu, og skyldu árlega renna í hann 3% af hagnaði áfengisverzlunar ríkisins. Illu heilli felldi Alþingi þetta ákvæði úr frv. nefndarinnar. Niðurstaðan við afgreiðslu áfengislaganna frá 1954 varð því sú, að dregið var úr áfengishömlum, en bindindisfræðsla skyldi aukin, en ekki tryggt neitt fjármagn til að tryggja hana. Ákvæði áfengislaganna frá 1954 um bindindisfræðslu í skólum og aðra bindindisstarfsemi hafa því að mestu orðið dauður bókstafur. Féð til starfseminnar hefur skort.

Það er af þessum ástæðum, sem hér er tekin upp tillaga nefndarinnar, sem undirbjó áfengislögin 1954, um stofnun sérstaks áfengisvarnasjóðs. Ef farið hefði verið eftir þessari tillögu nefndarinnar, hefði áfengisvarnasjóður haft um 15 millj. kr. til ráðstöfunar á s. l. ári, eða um 10 millj. kr. meira en þá var veitt úr ríkissjóði til bindindisstarfsemi. Þessi fjárráð áfengisvarnasjóðs mundu sízt vera of mikil, þar sem honum er ekki aðeins ætlað að styrkja hina beinu bindindisfræðslu og bindindisstarfsemi, heldur einnig ýmsa æskulýðsstarfsemi, sem vinnur gegn áfengisnautn.

Það má öllum vera ljóst, að ekki má horfa aðgerðalaust á hina vaxandi áfengisneyzlu í landinu og hið mikla böf, sem af henni hlýzt. Það verður að hefja raunhæfa sókn gegn þessum háska. Slíkt verður helzt gert með aukinni bindindisfræðslu og auknu bindindisstarfi. Þess vegna ætti að mega vænta þess, að tillögunni um áfengisvarnasjóð verði nú vel tekið.